

Nd. **24. Frumvarp til laga** [24. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

Flm.: Bragi Sigurjónsson.

1. gr.

2. málsg. 56. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum. Saman mega þó fara:

- a) Bætur til ekkju eða ekkils samkv. a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkv. 19. gr.
- b) Barnalífeyrir, ekkjubætur samkv. 19. gr. og dagpeningar.
- c) Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkv. 19. gr. og örorkubætur eða dagpeningar.
- d) Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
- e) Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Breytingar þær, sem hér eru lagðar til, eru efnislega tvær:

1. Að atvinnuleysisbætur skerði í engu bótarétt manna varðandi almannatryggingar.
2. Að einstæð móðir, sem er eða verður öryrki og hlýtur þar af leiðandi örorkubætur, missi ekki við það mæðralaun.

Varðandi fyrri atriðið virðist óeðlilegt, að láta óskyld tryggingakerfi hafa skerðandi áhrif hvort á annað.

Varðandi síðara atriðið skal tekið fram, að það mun hafa komið í gildandi lög fyrir óaðgæzlu, að örorkubætur útiloki einstæðar mæður frá mæðralaunarétti, og er framangreind breyting flutt hér þessu til lagfæringar.